

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 16. febrúar 2007 í máli nr. E-4012/2006:

A

(Guðmundur Ágústsson hdl.)

gegn

B

(Bjarni Eiríksson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 13. febrúar sl., að loknum munnlegum málflutningi, var höfðað fyrir dómþinginu af A, [...], á hendur B, Hjaltabakka [...], með stefnu birtri 22. júní 2006 .

Dómkröfur stefnanda eru þær, að lögskilnaður skuli fara fram á milli stefnanda og stefndu og að skilnaðarsamningi stefnanda og stefndu verði breytt á þann veg að stefndu verði gert að yfirtaka lán Lífeyrissjóðs sjómanna, [...], upphaflega að fjárhæð 1.500.000 krónur, útgefnu af stefnanda hinn 24. október 2002, áhvílandi á fasteigninni [...], þinglesinni eign C, [...]. Jafnframt krefst stefnandi þess að stefndu verði gert að greiða sér málskostnað að mati dómsins, auk virðisaukaskatts.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær að hún verði sýknuð af kröfu stefnanda um að skilnaðarsamningi stefnanda og stefndu verði breytt á þann veg að stefndu verði gert að yfirtaka lán Lífeyrissjóðs sjómanna, [...], upphaflega að fjárhæð 1.500.000 krónur, útgefnu af stefnanda hinn 24. október 2002, áhvílandi með veði á fasteigninni [...], þinglesinni eign C. Einnig krefst stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Með úrskurði dagsettum 10. janúar 2007 var frávísunarkröfu stefndu hafnað.

II

Hinn 9. desember 2004 rituðu aðilar undir fjárskiptasamning hjá sýslumanninum í Reykjavík, er þau sóttu um leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Samkvæmt fjárskiptasamningi skyldi stefnandi taka að sér allar skuldir aðila fyrir utan yfirdráttarskuld stefndu við KB banka, að fjárhæð 350.000 krónur. Jafnframt

tók stefnandi við eignum aðila, sem metnar voru á 2.857 krónur auk 1/8 eignarhluta í íbúð móður stefnanda, að [...]. Yfirteknar skuldir námu 8.841 krónum, samkvæmt fjárskiptasamningnum. Skilnaðarleyfi var síðan gefið út hinn 16. desember 2004. Skömmu síðar, eða 14. janúar 2005, skrifaði stefnda undir yfirlýsingu til Lífeyrissjóðs sjómanna, þar sem hún óskar eftir að yfirtaka lán hjá sjóðnum, upphaflega að fjárhæð 1.500.000 krónur, útgefið af stefnanda hinn 24. október 2002, með veði í Lækjarsmára 6, Kópavogi. Síðar afturkallaði stefnda yfirtöku sína á láninu og var stefnanda tilkynnt um það með bréfi sjóðsins, dagsettu 15. maí 2005. Í sama mánuði óskaði stefnda eftir lögskilnaði, sem stefnandi féllst á með þeim skilyrðum að fjárskiptasamningi yrði breytt þannig að stefnda yfirtæki ofangreint lán.

III

Stefnandi byggir kröfu sína um lögskilnað á 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 41. gr. hjúskaparlaga.

Stefnandi byggir kröfu sína um breytingu á fjárskiptasamningi á því, að er fjárskiptasamningurinn hafi verið gerður hafi aðilar ekki verið í nógu góðu andlegu jafnvægi. Er nokkuð var liðið frá skilnaðinum hafi aðilar orðið sammála um að skipting eigna og skulda væri ekki réttlát og eðlileg miðað við eignir og skuldir aðila, sem og tekjur þeirra. Af þeim sökum hafi stefnda yfirtekið áðurgreint lán við Lífeyrissjóðinn. Byggir stefnandi á því, að sú skipting sem fram komi í skilnaðarsamningnum hafi verið bersýnilega ósanngjörn, sem hafi leitt til yfirtöku stefnda á margnefndu láni. Vísar stefnandi til 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga.

Fyrir liggi að aðilar hafi samið um yfirtöku stefndu á láninu, og sent tilkynningu til lífeyrissjóðsins þar um. Hafi stefnda greitt af því í a.m.k. 4 mánuði, þ.e.a.s. febrúar, mars, apríl og maí árið 2005, en þá hafi hún hætt að greiða af láninu og farið fram á það við stjórn sjóðsins, að stefnandi yrði skráður skuldari lánsins. Byggir stefnandi á því, að stefnda hafi viðurkennt greiðsluskyldu sína með þessum athöfnum og vísar til almennra reglna samninga- og kröfuréttar.

Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

IV

Stefnda byggir sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi af fúsum og frjálsum vilja átt frumkvæði að efni og gerð fjárskiptasamningsins. Stefnandi hafi sjálfur ritað samninginn og stefnda hafi hvergi komið þar nærri. Samningurinn sé að auki ekki ósanngjarn í garð stefnanda. Til þess beri að líta að stefnandi hafi fengið allar eignir búsins eftir 28 ára búskap, en stefnda hafi tekið að sér að greiða

yfirdráttarskuld hjá KB-banka, að fjárhæð 350.000 krónur. Vandséð sé því hvernig unnt sé að fullyrða að samningurinn sé bersýnilega ósanngjarn fyrir stefnanda og þá allra síst þegar til hans var stofnað. Kveður stefnda að meðallaun stefnanda á árunum 1997-2003 hafi verið um 6,5 milljónir króna en stefndu 1,6 milljónir.

Stefnda kveðst hafa tekið að sér að greiða af láni hjá Lífeyrissjóði sjómanna, en ekki hafa yfirtekið lánið. Einungis hafi verið um að ræða tímabundin greiðslutilmæli til Lífeyrissjóðs sjómanna, sem henni hafi verið heimilt að afturkalla hvenær sem var. Ekki hafi verið um að ræða breytingu á fjárskiptasamningi frá 9. desember 2004, sem fái stoð í yfirlýsingu Lífeyrissjóðsins, sem ávallt hafi talið stefnanda vera ábyrgan, sem útgefanda skuldabréfsins. Stefnda telur því ekkert gefa tilefni til að breyta upprunalega fjárskiptasamningi aðila.

Stefnda byggir og á því, að skuldaraskipti geti ekki orðið án ótvíræðs samþykkis kröfuhafa. Samkvæmt íslenskum kröfurétti sé það ekki talið jafngilda samþykki um skuldaraskipti þótt kröfuhafi hreyfi ekki andmælum við tilkynningu um nýjan skuldara. Jafnvel það að kröfuhafi taki athugasemdalaust við greiðslum frá öðrum en skuldara sé ekki talið fela í sér samþykki um nýjan skuldara og að upprunalegi skuldarinn losni þar með undan skyldum sínum.

Einnig byggir stefnda á því, að hún hafi ekki verið andlega hæf á þeim tíma sem hún samþykkti greiðslutilmælin og því hafi hinn svokallaði samningur aldrei öðlast gildi. Ljóst sé að stefndu hafi skort gerhæfi á þeim tíma er stofnað var til umrædds gernings og hún alls ófær um að takast á hendur ofangreinda samningsgerð.

Stefnda telur það óheiðarlegt af stefnanda að bera umræddan samning fyrir sig. Ótrúlegt sé að stefnandi hafi ekki áttað sig á því að stefnda, sem verið hafi eiginkona hans í tæplega 29 ár, hafi verið svo illa stödd andlega að hún væri ekki fær um að gera slíkan samning. Hafi stefnandi, með því að láta hana rita undir skjalið á þessum tímamarki, sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Hafi stefnanda átt að vera það ljóst að það væri óforsvaranlegt að láta hana rita undir skjalið. Í vottorði Snorra Ingimarssonar, lækni, en stefnda hafi leitað til hans í byrjun árs 2005, um svipað leyti og stefnandi hafi fengið hana til að rita undir skjalið, komi fram það mat hans, að stefnda hafi á þeim tíma sem hún undirritaði skjalið, ekki gert sér grein fyrir málavöxtum og afleiðingum þeirra á persónulega hagi sína.

Stefnda telur það rýra gildi skjalsins að ekki hafi verið kallaðir til vottar og sé einsýnt að stefnandi verði að bera hallann af því.

Um lagarök vísar stefnda til hjúskaparlaga nr. 31/1933, laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Kröfu um málskostnað byggir stefnda á lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

IV

Kröfur stefnanda í máli þessu eru annars vegar um að honum verði veittur lögskilnaður frá stefndu og hins vegar, að skilnaðarsamningi þeirra verið breytt.

Stefnda hefur fallist á kröfu um lögskilnað, en krefst sýknu af kröfu stefnanda um breytingu á skilnaðarsamningi.

Fyrir liggur að aðilum var veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng hinn 16. desember 2004. Í 2. mgr. 95. gr. laga nr. 31/1933 segir: „Nú hafa hjón vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar gert samning um fjárskipti sín og er þá unnt að fella hann úr gildi að nokkru eða öllu með dómi ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma er til hans var stofnað. Dómsmál skal höfða innan árs frá fullnaðardómi til skilnaðar eða frá útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar. Tímafrestir þessir eiga þó ekki við ef freistað er að hnekkja samningi með stoð í reglum um fjármunaréttarsamninga.“ Frestur til höfðunar máls þessa, samkvæmt 2. mgr. 95. gr. laga nr. 31/1993, byrjaði því að líða frá útgáfu leyfis til skilnaðar að borði og sæng hinn 16. desember 2004. Stefna í máli þessu var birt stefndu 22. júní 2006. Var því löngu liðinn sá eins árs málshöfðunarfrestur, sem greinir í 2. mgr. 95. gr. laga nr. 31/1993, er stefnandi höfðaði mál þetta. Koma því kröfur stefnanda, er byggja á 2. mgr. 95. gr. laga nr. 31/1993, því ekki frekar til álita.

Hins vegar má skilja málatilbúnað stefnanda svo að hann freisti þess einnig að hnekkja samningi aðila með stoð í reglum um fjármunaréttarsamninga, samkvæmt heimild í 2. mgr. 95. gr. i.f., þar sem aðilar hafi komist að samkomulagi um breytta skipan fjárskipta. Virðist stefnandi byggja á því að stefnda hafi með undirritun sinni um að hún tæki að sér greiðslu á láni hjá Lífeyrissjóði sjómanna, eftir að fjárskiptasamningur var gerður, breytt fjárskiptasamningnum sem gerður milli aðila við skilnað að borði og sæng. Stefnda hefur hafnað því að hún hafi með þessari undirritun sinni verið að breyta gildandi samningi og í raun hafi hún einungis viljað gera þetta fyrir stefnanda, en hann hafi borið sig mjög aumlega. Hafi hún og ætlað að stefnandi hygðist hætta við skilnaðinn.

Stefnandi hefur ekki, eins og mál þetta liggur fyrir dómnum, sýnt fram á að tímabundin yfirtaka stefndu á láni hjá Lífeyrissjóði sjómanna hafi verið hluti af skilnaðaruppgjöri aðila. Af því sem fram er komið verður ekki litið svo á að um breytingu á skilnaðarsamningi aðila hafi verið að ræða, enda samningurinn ekki endurskoðaður af aðilum. Þá ber og að líta til þess að ekki verður séð að skipting eigna búsins að öðru leyti hafi verið ósanngjörn í garð stefnanda enda tók hann allar eignir búsins auk þorra skulda þess. Enda þótt skuldirnar kunni að hafa verið ívið hærri en eignir búsins á þeim tíma, fór stefnda algerlega slipp og snauð úr hjónabandinu og tók að auki að sér greiðslu yfirdráttarláns.

Samkvæmt framansögðu ber því að veita málsaðilum lögskilnað, en báðir aðilar hafa krafist þess, með þeim skilmálum sem kveðið var á um við skilnaða að borði og sæng.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 krónur

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Málsaðilum, A og B, er veittur lögskilnaður.

Stefnda, B er sýkn, af kröfu stefnanda A, um að skilnaðarsamningi stefnanda og stefndu verði breytt á þann veg að stefndu verði gert að yfirtaka lán Lífeyrissjóðs sjómanna. [...], upphaflega að fjárhæð 1.500.000 krónur, útgefnu af stefnanda hinn 24. október 2002, áhvílandi með veði á fasteigninni [...], þinglesinni eign C.

Stefnandi greiði stefndu 100.000 krónur í málskostnað.

Hervör Þorvaldsdóttir